

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

7. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 24. maí árið 2007. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Aðaldælahrepps að Iðjugerði og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Erindi frá Sigurði Rúnari Ragnarssyni

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir íbúðarhús ásamt bílgeymslu og bátaskýli á lóðinni Fótaskinni úr landi Hellulands, Aðaldælahreppi. Húsið er samtals 265,2 m² og 917,5 m³. Teikningar eru unnar af Stefáni Ingólfssyni arkitekt á Hugverk hönnunarþjónustu. *Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir teikningarnar fyrir sitt leiti en samþykkir að fela byggingarfulltrúa að leita meðmæla Skipulagsstofnunar fyrir framkvæmdinni á grundvelli þriðja töluliðar í ákvæði til bráðabyrgða í Skipulags- og byggingarlögum. Nefndin felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi ef samþykki Skipulagsstofnunar fæst.*

2. Erindi frá Baldvini Þór Ellertssyni, Vallartúni 3, Akureyri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 5 í landi Arnstapa, Þingeyjarsveit. Húsið er á tveimur hæðum samtals 137,3 m² og 424,87 m³. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni. *Byggingarnefnd samþykkir erindið, með fyrirvara um breytingu á deiliskipulagi sem nú er í gangi.*

3. Erindi frá Helga Hafliðasyni f.h. Landsvirkjunar

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir nýtt anddyri við eldhúsinngang á svonefndu Jónshúsi við Kröflustöð. Viðbygging er 6,8 m² og 17,7 m³. Teikningar eru unnar af Helga Hafliðasyni arkitekt. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

4. Erindi frá Fremstafelli ehf. Þingeyjarsveit

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við fjós í Fremstafelli, Þingeyjarsveit. Húsið er stálgrindarhús 350 m² að stærð og 1220 m³. Teikningar eru unnar af Alteikningu ehf. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

5. Erindi frá Stellu Rósu Gústafsdóttur, Grenilundi 6, Akureyri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð A01 í Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er 70 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Opus ehf. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

6. Erindi frá Þóru Ellertsdóttur, Bleiksárhlið 61, Eskifirði

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahús hennar á lóð E 03 í í Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið verður 75,4 m² eftir stækkun. Teikningar eru unnar af Opus ehf. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

7. Erindi frá Einari Fr. Jóhannessyni, Skálabrekku 19, Húsavík

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir fyrir sólstofu við frístundahús hans í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi. Viðbyggingin er 13,8 m². Teikningar eru unnar af Einari Fr. Jóhannessyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Erindi frá Jóhanni F. Kristjánssyni, Sogavegi 129, Reykjavík

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð hans að Björk, Skútustaðahreppi. Húsið er á stöðuleyfi sem rennur út á þessu ári.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfi fyrir sitt leiti en samþykkir að fela byggingarfulltrúa að leita meðmæla Skipulagsstofnunar fyrir framkvæmdinni á grundvelli þriðja töluliðar í ákvæði til bráðabyrgða í Skipulags- og byggingarlögum. Nefndin felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi ef samþykki Skipulagsstofnunar fæst eða liggur fyrir.

9. Erindi frá Elínu Kristjánsdóttur, Stekkjarholti 14, Húsavík

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð hennar að Björk, Skútustaðahreppi. Húsið er á stöðuleyfi sem rennur út á þessu ári.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfi fyrir sitt leiti en samþykkir að fela byggingarfulltrúa að leita meðmæla Skipulagsstofnunar fyrir framkvæmdinni á grundvelli þriðja töluliðar í ákvæði til bráðabyrgða í Skipulags- og byggingarlögum. Nefndin felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi ef samþykki Skipulagsstofnunar fæst eða liggur fyrir.

10. Erindi frá Þingeyjarsveit

Óskað er eftir umsögn nefndarinnar um umsókn Renato Grunenfelder f.h. Fosshótel Laugum um tímabundið leyfi til áfengisveitinga.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.

11. Erindi frá Þingeyjarsveit

Óskað er eftir umsögn nefndarinnar um umsókn Jóns Gunnars Erlingssonar f.h. Flugleiðahótela um tímabundið leyfi til áfengisveitinga á Hótel Eddu Stórutjörnum

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.

12. Fundargerð Náttúruvernarnefndar Þingeyinga v/ sumarhússlóðar í landi Hólkots, Þingeyjarsveit

Vísað er í fundargerð nefndarinnar frá 21. nóvember 2006. Náttúruverndarnefnd kemst að þeirri niðurstöðu að lóðin sé utan friðlýsts svæðis við Vestmannsvatn.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi lóðarupprátt.

13. Erindi samþykkt af byggingarfulltrúa

Samþykkt að gera dyr úr stofu út á verönd að Lynghrauni 10, Skútustaðahreppi.

14. Erindi frá Ásgeiri Kristjánssyni, Garðarsbraut 26, Húsavík

Óskað er eftir leyfi til að byggja sumarhús að Birkilandi, lóð nr. 4 í landi Voga III, Skútustaðahreppi.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til samþykki Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Sækja skal um byggingarleyfi að nýju þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir.

15. Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni og Þuríði Helgadóttur, Vogum, Skútustaðahreppi f.h. Voga ferðabjónusu ehf.

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir tvær húseingar á lóð fyrirtækisins í jaðri tjaldstæðisins. Einingarnar yrðu tengdar við húsnæði sem áður var flugafgreiðsla Mýflugs en hefur

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

verið gert að eldunaraðstöðu fyrir svefnpokafólk. Í annarri einingunni eru snyrtingar, ræstikompa og geymsla en hin nýttist sem borðstofa. Einingarnar eru hvor um sig 36 m² og voru áður hluti af vinnubúðum og skrifstofu við álverið í Straumsvík.

Byggingarnefnd fellst á að samþykkja stöðuleyfi fyrir tvær húseiningar í viðbót til eins árs.

Byggingarnefnd samþykkir að ekki verði lengur við það unað að Vogar ferðaþjónusta ehf. reki starfsemi sína í húsakynnum sem vart eru mönnum bjóðandi og eru að auki á stöðuleyfi. Byggingarnefnd samþykkir að skora á fyrirtækið að móta framtíðarsýn um rekstur ferðaþjónustunnar sem m.a. kemur fram í deiliskipulagi svæðisins. Byggingarnefnd mun ekki samþykkja frekari stöðuleyfi á svæðinu.

16. Erindi frá Rúnari Jóhannssyni, Smárahlið 24f, Akureyri

Óskað er eftir leyfi til að byggja sumarhús á lóð E 23 í Hlíðarbyggð við Lundsskóg í Fnjóskadal, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Alls 239,2 m² og 718 m³. Teikningar frá Kollgátu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

17. Erindi frá Malarvinnslunni, Múlavegi 1, Skútustaðahreppi

Óska er eftir leyfi til breytinga á verkstæðishúsi sínu að Múlavegi 1. Um er að ræða breytingu á gluggum og hurðum.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

18. Erindi frá Steingrími Jóhannssyni, Skútahrauni 11, Mývatnssveit

Óskað er eftir leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð nr. 9 við Múlaveg, 660 Mývatn. Teikningar frá Verkfræðistofu Norðurlands. Flatarmál 70,4 m² og 270,7 m³ brúttómál.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Jóhannes Steingrímsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 16⁰⁰.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Kristján Snæbjörnsson
Kolbeinn Kjartansson
Helgi Hallsson
Vigfús Sigurðsson byggingarfulltrúi